



Fundur í sveitarstjórn

33. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum Bakkafirði fimmtudaginn 8. október 2015 og hófst kl 17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Sóley Indriðadóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti bar undir fundinn að bæta við eftirtöldum dagskráliðum:

nr. 13 Forvarnarstefna, kynning á samningi,

nr. 14 Sandur, samningur,

nr. 20 Svarbréf EFS.

Ósk þess efnis ásamt gögnum var sent á sveitarstjórn í gær. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur.

Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 25. september 2015.**
Lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð 271. fundar stjórnar Eypings, dags. 14. september 2015.**
Lögð fram til kynningar.
- 3. Fundargerð 16. aðalfundar fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands dags. 23. september 2015.**
Lögð fram til kynningar.
- 4. Fundargerðir fundar stjórnar dvalarheimilisins Nausts dags. 30. september 2015.**
Lögð fram til kynningar.
- 5. Aukaaðalfundur Samorku, fundarboð.**
Lagt fram til kynningar.
- 6. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- 7. Innanríkisráðuneytið, niðurstöður öryggisúttektar á vef Langanesbyggðar.**



LANGANESBYGGÐ

Lagt fram til kynningar.

8. Mannvirkjastofnun, niðurstöður úttektar slökkviliða 2015 Langanesbyggð.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að skoða málið með slökkviliðsstjóra.

Samþykkt samhljóða.

9. Heimili og skóli, ályktun varðandi dekkjakurl á gervigrasvöllum.

Lagt fram til kynningar. Ákveðið að vísa erindinu til Umhverfis- og skipulagsnefndar og Íþróttá- og tómstundanevndar.

Samþykkt samhljóða.

10. Aflið, styrkbeiðni.

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar sér sér ekki fært að verða við styrktarbeiðninni.

5 samþykkir, Hilma og Sóley samþykkja ekki.

11. HSP, beiðni um endurnýjun styrktarsamnings.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að greiða í samræmi við núverandi samning að upphæð isk. 308.400.-. Einnig að endurnýja samning við Héraðssamband Þingeyinga á sömu forsendum og fjárhæð og samningurinn 2015 segir til um. Sveitarstjóra er falið að ganga frá endurnýjun.

Samþykkt samhljóða.

12. Veraldarvinir, samstarfsbeiðni.

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjóra falið að koma á samstarfi fyrir komandi ár.

Samþykkt samhljóða.

13. Forvarnarstefna, samningur.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir fyrirbyggjandi samning við Skólastofu ehf. varðandi ráðgjöf um undirbúning, mótun og framkvæmd forvarnarstefnu í Langanesbyggð. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum og gera ráð fyrir honum í fjárhagsáætlun 2016.

Samþykkt samhljóða.

14. Sandur samningur um forkaupsrétt

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagðan samning.

Samþykkt samhljóða.

15. Landsbankinn, uppgjör vegna samruna við Sparisjóð Norðurlands.

Lagt fram til kynningar.



16. Landsbankinn, breytingar á opnunartíma.

Lagt fram til kynningar.

Fulltrúar sveitarfélagsins hafa í tvígang fundað með forsvarsmönnum útibús Landsbankans á Þórshöfn. Á þeim fundum kom meðal annars fram að Landsbankinn hefði ekki nein áform um að draga úr þjónustu umfram það sem kom fram í tilkynningu Landsbankans um breyttan opnunartíma útibúsins. Opnunartími útibúsins á Þórshöfn er sá sami og t.d. á Vopnafirði og víðar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir áhyggjum sínum af þróun mála og skertri þjónustu vegna breytts opnunartíma útibúsins.

Einnig telur sveitarstjórn Langanesbyggðar alsendis óásættanlega þá skerðingu á pósthjónustu sem leiðir af breyttum opnunartíma póstafréttislausar.

Að síðustu lýsir sveitarstjórn yfir þungum áhyggjum sínum vegna þeirra starfa sem eru í húfi og skipta samfélagið svo miklu og átelur Landsbankann fyrir skort á upplýsingaflæði er varða umræddar breytingar.

Sveitarstjóra falið að koma ofangreindum áhyggjum á framfæri við Landsbankann og Íslandspóst.

Samþykkt samhljóða.

17. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna, kynning.

Oddviti kynnti nýafstaðna fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna.

18. Rekstraruppgjör fyrstu 8 mánaða ársins.

Sveitarstjóri fór yfir rekstraruppgjörið.

19. Útkomuspá 2015.

Sveitarstjóri lagði fram útkomuspá ársins 2015 ásamt forsendum.

20. Svarbréf EFS

Sveitarstjóri lagði fram svarbréf til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að undirrita bréfið og senda.

Samþykkt samhljóða.

21. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem hafa verið í gangi og þau sem eru framundan.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl 18:08